

Ágúst Einarsson

Punktur í erindi hjá Loka 5. október 2002

Viðskipti - sambönd, saga og breytingar

Fyrir 1900

Þekktum ekki hjólið

Fámennið, 50.000 á 13. öld og 50.000 á 18. öld fórum niður í rúm 30.000

Viðskipti fyrst aðeins á 19. öld, veiðar útlendingar hér í margar aldir, þó ekki Dana

Engin þorpsmyndun

Sambönd hafa alltaf skipt máli, þjóðveldistíminn, fjölskyldan

Ættfræðiáhuginn eitt helga menningarsérkenni okkar alla tíð

Stjórnsmál hafa alltaf einkennst af kunningssskap og ættartengslum héraðs

Fáfræði mikil, breytingar á 18. öld erlendis (iðnbyltingin) fóru fram hjá okkur, helst Skúli fógæti en það varð að engu

Samböndin giltu alla tíð, t.d. Stephensen-fjölskyldan sem réð öllu

20. öldin

Stjórnkerfisbreytingin mikla 1904 með innlendu framkvæmdavaldi Eimir eftir af því að hagfræðilögmál gildi ekki héraðs, álíka og að segja að jörðin sé flöt

Haftakerfið hér miklu lengur en annar staðar eftir seinna stríðið

Markaðshagkerfið fjallar um að búa til köku, með frjálsi verðmyndun, framboði og eftirspurn og samkeppni, besta kerfi í heimi til að búa til verðmæti

Allt annað mál hvernig þeim verðmætum er skipt

Flestar grundvallarbreytingar komu hingað að utan, á 20. öldinni, m.a. stríðin, einkum seinni styrjöldin

Síðustu áratugin, 1960 frjálsræði viðreisnar, EFTA, EES og núna GATT og WTO

Mótor hagvaxtar í nágrannalöndunum er útflutningur. Hér hefur hann staðið í stað sem hlutfall af verðmætasköpuninni, landsframleiðslu, í 130 ár eða frá 1870

Sjávarútvegur, landhelgin, síld og skuttogarar, allt önnur viðskipti en áður Blokkirnar í kringum SÍS og D voru sterkar, t.d. í Eimskip og SH, baráttan um Útvegsbankann, eimir eftir af þeim

Helstu breytingar í efnahagsmálum síðustu 100 ár

Vélbátarnir í upphafi 20. aldar

Útfærslur landhelginnar

Seinna stríðið

Síldin og hraðfrystingin

Viðreisnarstjórnin

EFTA

EES

Þjóðarsáttin

Verðbréfamarkaður

Nú tíðin

Hagsældin núna mikil vegna mikillrar vinnu almennings og

skuldaukningar erlendis en þó er mjög margt gott í hagkerfinu, m.a.

sveigjanlegur vinnumarkaður og gott lífeyriskerfi

Hlutabréfamarkaðurinn breytti gífurlega miklu hérlendis, skapaði

vettvang fyrir verðmæti í félögum, kvótum etc.

Hlutabréfamarkaðurinn vanþroskaður, innherjaviðskipti, eftirlitsstofnanir

mikilvægar en virðast oft veikburða

Hafskipsmálið, hystería

Nýir valdahópar, aftur kunningsskapur og gamla formið, SÍS eða betur

sagt Framsóknarmenn afturgengir, Orca hópurinn Jón Ólafsson, Samherji,

FF (gjaldþrota), Bónus

Gamalt veldi og nýtt, Hagkaup

Kaupþing, mesta áberandi, miklar skuldir þar

Skrýttinn hlutabréfamarkaður, lækkar úti en ekki hér

Íslensk erfðagreining og Flugleiðir, fjárvöntun

tækniútflutningur

Björgúlfsfeðgar

Mismunandi mat á mönnum, t.d. Þorfinnur Ómarsson vs bankastjórnarnir í

Landsbankanum en þar vantar margar milljónir og ekkert gerðist

Einkavæðingin er víða en er gagnlaus án samkeppnisvæðingar

SR-mjöl, ekki selt hæstbjóðanda

Landsíminn og danska símafyrirtækið, auðvitað átti að selja

Fá inn útlendinga í íslenskt atvinnulíf

Bankaeinkavæðingin, 1/2-skipti

Litill sveigjanleiki í opinberu launakerfi, sjálfseignastofnanir

Pólitísk spilling

Seðlabankastöður, pólitískar ráðningar þekkjast hvergi, er ekki eins og í

bananalýðveldum heldur væri sú fullyrðing móðgun við bananalýðveldin,

seðlabankastjórar þar eru nær undantekningalaust vel menntaðir

hagfræðingar, enginn hefði sagt neitt hér ef Páll Pétursson hefði verið skipaður núna

Persónuáhugi hefur aukist verulega, Séð og heyrt -syndrómið

Tækniútflutningur, sýna glæru

Ísland hefur ekki náð neinni fótfestu í hátækniútflutningi. Útflutningur hefur um mjög langt skeið verið að mestu leyti sjávarafurðir. Hátækni byggist á vísindum, góðri menntun og hugkvæmni. Vitaskuld geta náttúruauðlindir hjálpað verulega til en það er ekki nauðsynlegt eins og sést vel í á dæmi Írlands. Norðurlandþjóðirnar Svíþjóð og Danmörk eru einnig ofarlega og hver þekkir ekki finnska fyrirtækið Nokia og sænska fyrirtækið Ericsson. Norðmenn státa ekki af slíkum alþjóðafyrirtækjum. Hugsanlegt svið okkar í framtíðinni er líftækni og starfsemin í kringum Íslenska erfðagreiningu. Ekki má gleyma því að Ísland er lítið hagkerfi en þó er hlutfallið fyrir Lúxemborg meira en 6falt hærra en er hérlendis. Einkenni okkar hagkerfis er einfaldleiki framleiðslunnar þótt við búum enn við góð lífskjör. Það er ástæða til að hafa áhyggjur af slakri stöðu okkar í þessum efnunum.

Framtíðin

Menntun er að batna og aukast í viðskiptum, gott teikn

Utanríkismálin, mest áberandi, ESB

D og DO, samtök á vinnumarkaði á Norðurlöndunum knúðu á um aðild

Evran, spái kúvendingu D þegar DO hættir

Nýbúar og spenna vegna þess, eins og annars staðar, stutt í fordómana hjá Íslendingum

Misskipting eykst hér eins og annars staðar, meiri jöfnuður þó hér en í öðrum löndum

Hrokinn hérlendis og erlendis, Bush og Bandaríkjamenn

Öfgahyggjan, byggð á trúarbrögðum, Austurlönd nær

Ég spáði fyrir mjög mörgum árum óleysanlegum vandamálum vegna tækniframfara meðal annars vegna hryðjuverka, (veiruhernaður), ekki aðeins mannlíf í húfi heldur náttúran sjálf, eina lausnin að takmarka að tækniframfarir verði almenningsseign, það er uppræting frjálsar hugsunar og næst ekki nema með einræði og kúgun en slíkt hefur alltaf hrunið í sögu mannsins. Er þessi spádómur réttur? Eru núna aðrar aðstæður?